

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 496/1994.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Karli Jóhannesi Mortensen**

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Refsiákvörðun. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Af hálfu ákærvalds var héraðsdómi skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. desember 1994 til þyngingar á refsingu, en jafnframt til endurskoðunar á ákvörðun um skilorð og á ákvæðum dómsins um framkvæmd þess með hliðsjón af 2.-4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallist er á refsíákvörðun héraðsdóms og færslu brota til refsíákvæða.

Í héraðsdómi er gerð ýtarleg grein fyrir skýrslum sérfræðinga um hagi ákærða og þá erfiðleika, sem hann hefur átt við að etja og tengjast atburðum á unglingsárum hans. Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings kemur meðal annars fram, að ákærði hafi lagt kapp á að leita aðstoðar hans að undanfögnu. Sálfræðingurinn telur, að ákærði geri sér grein fyrir rangri hegðan sinni í þeim tilvikum, er mál þetta varðar, og þekki betur en áður afleiðingar hennar og þá áhættuþætti, sem tengjast misgjörðum hans. Fyrir héraðsdómi lýsti sálfræðingurinn þeirri skoðun sinni, að ákærði hefði „lagt sig alvarlega fram um það að reyna að læra af þessum gerðum sínum og tileinka sér heppilegri hugsunarhátt til þess að vega á móti, að þetta gerist aftur. . .“ Fram er komið, að ákærði, sem nú er 24 ára að aldri, hefur verið í sambúð með konu um sex ára skeið, og eiga þau tvö börn saman, annað fimm ára og hitt mánadargamalt. Þá mun ákærði vera í góðri atvinnu. Ákærði gekkst undir dómsátt fyrir sjö árum vegna ölvunar við akstur, en hefur annars ekki gerst brotlegur fyrr en nú.

Með hliðsjón af öllu þessu og skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti þykir rétt að staðfesta ákvörðun hans um skil-orðsbindingu refsingar ákærða. Ríkissaksóknara ber lagaskylda til að tilnefna þann, sem hafa skal á hendi hina sérstöku umsjón með ákærða, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var 58. gr. laganna ekki felld úr gildi með lögum nr. 48/1988. Rétt er hins vegar og í samræmi við réttarþróun, að Fangelsismála-stofnun ríkisins, verði sérfræðingur á hennar vegum ekki tilnefndur, hafi eftirlit með framkvæmd umsjónarinnar og veiti ákærða þá fé-lagslegu þjónustu, sem stofnunin hefur tök á og að gagni má koma, sbr. 3. og 4. tl. 2. gr. laga nr. 48/1988.

Ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Samkvæmt 169. gr. laga nr. 19/1991 greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1994.**

Ár 1994, fimmtudaginn 8. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-562/1994: Ákærvaldið gegn Karli Jóhannesi Mortensen, en málið var dómtekið 14. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 25. ágúst sl., á hendur „Karli Jóhannesi Mortensen, Langholtsvegi 181, Reykjavík, fæddum 21. maí 1970, fæðingarnúmer 527, fyrir eftirgreind kynferðisbrot, framin á árinu 1993 í Hafnarfirði og Reykjavík:

## I.

Að kvöldi þriðjudagsins 21. september í bifreið sinni, Þ-3663, í nágrenni við sundlaug Hafnarfjarðar við Herjólfsgötu tekið út getnaðarlim sinn og farið höndum um hann í viðurvist telpnanna A og B, fæddra 1987, og drengsins C, fædds 1990, en ákærði hafði fengið börnin upp í bifreiðina undir því yfirskini, að þau ættu að vísa honum til vegar.

## II.

Sunnudaginn 24. október í bifreið sinni við skautasvellið í Laugardal sýnt telpunni D, fæddri 1985, klámrit, tekið út getnaðarlim sinn og farið höndum um hann, en ákærði hafði fengið telpuna upp í bifreiðina með sama hætti og í ákærulið I greinir.

## III.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og 66. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst X [...], Hafnarfirði, þess fyrir hönd dóttur sinnar, A, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur, að fjárhæð 200.000 krónur, ásamt hæstu leyfilegu vöxtum frá 5. maí 1994 til greiðsludags“.

— — —

*Niðurstöður.*

Ákæruliðir I og II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og eru brot ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Undir meðferð málsins kom í ljós, að kynferðisafbrotamaður framdi skírlífisbrot, sem nú heitir kynferðisbrot, gegn ákærða, er hann var 14 ára gamall, og jafnframt brot gegn lögum um vernd barna og ungmenna. Þessi brot voru heimfærð til sömu refsíákvæða og brot þau, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Með þetta í huga gekkst ákærði undir sálfræðiþróf hjá dr. Gunnari Hrafn Birgissyni sálfræðingi, þar sem rannsakað skyldi andlegt ástand ákærða með hliðsjón af brotum þeim, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, og jafnframt kannaðar hugsanlegar afleiðingar og áhrif háttsemi þeirrar, sem ákærði varð fyrir í æsku, á háttsemi þá, sem nú er ákært út af.

Sálfræðiskýrsla dr. Gunnars Hrafn Birgissonar sálfræðings er dags. 3. október 1994, og segir þar m. a.:

„Tilfinninga- og félagslíf.

Það finnast ekki vísbendingar um, að Karl eigi við geðveiki eða tauga-veilu að stríða, en í persónuleika hans verður vart spennusækni, óeirðar og hvatvísi, ásamt viðkvæmni, hlédrægni, óákveðni og áhyggjusemi. Mótlætis-þol er takmarkað, kvíði nokkur, og borið getur á aðlögunarerfiðleikum eða fáti gagnvart mikilli streitu. Vísbendingar eru um, að hann eigi erfitt með tilfinningatjáningu og með að bindast öðrum tilfinningaböndum. Einstaklingar, sem fá svipaða útkomu, skynja sig gjarnan sem einmana, einangraða, misskilda og utanveltu. Oft búa þeir yfir reiði gagnvart öðrum, en eiga erfitt með að höndla tilfinninguna eða tjá hana með viðeigandi hætti. Það vefjast gjarnan fyrir þeim áleitnar spurningar um grundvallaratriði varðandi eigin kynímynd og manngildi.

Samanburður við kynferðisbrotamenn.

Niðurstöður benda til þess, að Karl sé f. o. f. kynferðislega hneigður til fullvaxta kvenna, en ekki barna. Flokkunin „pedophile“ á því ekki við hann, heldur svipar einkennum hans til mynsturs kynferðisbrotamanna, sem framið hafa kynferðisbrot á aðstæðubundnum forsendum. Hér er átt við, að sennilegt sé, að kynferðisbrot hans tengist óleystri tilfinningatogstreitu hans frá því að hann varð fórnarlamb kynferðisofbeldis, kvíðavænlegu streituálagi á tíma eigin afbrota og dómgreindarleysi hans undir tilfinningaálagi.

Rannsóknir á kynferðisbrotamönnum sýna, að meiri hluti þeirra hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Fylgni, sem fundist hefur á milli þess að vera þolandi fyrst og svo gerandi, bendir til flókens orsakalegs samhengis, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Það skiptir miklu máli fyrir meðhöndlun kynferðisbrotamanna, hvort þeir voru í æsku fórnarlömb kynferðisbrota, þó að það afsaki ekki afbrot þeirra. Það að vera þolandi kynferðisbrots er hvorki nauðsynlegt né nægjanlegt skilyrði fyrir því, að maður fremji kynferðisbrot; fleiri mögulegir orsakapættir eru til staðar.

Vafalaust markaði það djúp spor í sálarlíf Karls, að hann varð fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis Steingríms Njálssonar á unglingsárum. Vegna þess hefur hann fyllst skömm, sjálfsefasemdum og heift. Auk þess hefur hann öðlast vantraust til annarra og fundið sig óöruggan í tilverunni. Þó að hann hafi getað sagt frá ofbeldinu á sínum tíma, fer því fjarri, að hann hafi fengið viðeigandi andlegan stuðning og úrlausn sinna mála, enda hefur slík hjálp varla staðið til boða á þeim tíma.

Það virðist sem að undir tilfinningaálagi, kvíða og langvinnri reiði og við

aukna streitu hafi hugsun Karls ruglast, dómgreind skerst og frumstæðar hvatir komið fram, er hann framdi kynferðisbrot sín. Spennusækni og hvatvísi urðu ráðandi í leit að úrlausn frá áleitnu hugarangri, en skynsemi varð víkjandi. Hegðunin veitti skammtímalausn frá hugarangri, en víðtækar og neikvæðar afleiðingar brotsins urðu honum skýrar löngu síðar.

Karl glímir nú við þungbærar tilfinningar bæði sem þolandi og gerandi. Reiðin, sem áður beindist að Steingrími, gæti snúist í sjálfsfordæmingu og með tilheyrandi vansæld. Karl er þess meðvitaður, að hann gerði rangt, og er hræddur um að missa mannorð sitt og traust annarra. Hann hræðist við að missa vinnuna og að illa muni fara fyrir fjölskyldu hans. Hann óttast að brjóta af sér aftur, en hefur reynt að tileinka sér heppilegri hugsunarhátt og hegðun, sem dregur úr líkum á því. Hann þekkir afleiðingar hegðunar sinnar betur en áður, kann betur að hemja skap sitt og þekkir til áhættuþátta, sem tengjast misgjörðum hans. Það hefur létt á honum að hafa opnað sig og rætt um reynslu sína af S. N.

Karl virðist hafa reynt að nýta sér sálfræðiviðtöl vel, sem hann sótti, en þörf er á frekari vinnu hjá honum við að temja sér betri aga í hugsun og hegðun, styrkja kynímynd, og að bæta tilfinningaúrvinnslu og félagslega aðlögun. Rannsóknir í Bandaríkjunum á undanförunum árum hafa gefið vonir um, að sérhönnuð sálfræðimeðferð, eftir atvikum samtvinnuð við skilorðs-eftirlit og/eða fangelsun, skili árangri í að draga úr endurteknum brotum hjá sambærilegum hópi kynferðisbrotamanna. Þar sem flest bendir til, að Karl sé f. o. f. hneigður kynferðislega til fullvaxta kvenna, eru horfur þess, að hann tileinki sér samfélagslega viðeigandi hegðun á þessu sviði meiri heldur en ef kynhneigð hans beindist að börnum.

#### Samantekt.

Karl er 24 ára gamall, verkstjóri. Hann er búsettur í Reykjavík ásamt konu sinni, barni og á barn í vændum. Karl hefur gengist við því að hafa í tvígang tælt börn upp í bíl til sín og sýnt þeim klámblað. Hann hefur jafnframt upplýst, að hann varð á unglingsárum fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis af hálfu Steingríms Njálssonar. Lögmaður Karls óskaði eftir sálfræðilegri athugun á honum í tilefni af því, að brátt á að dæma í máli hans.

Karl lýsir því, að hann hafi alist upp í foreldrahúsum hjá samheldinni fjölskyldu. Karl lauk grunnskólaprófi og fór að því loknu að vinna til sjós og lands. Fyrir utan að hafa meiðst í baki hefur hann verið heilsuhraustur. Karl kvaðst neyta áfengis í hófi, u. þ. b. einu sinni í mánuði, og ekki neyta annarra vímuefna.

Sálfræðilegar prófanir sýna, að greind Karls mælist heldur fyrir neðan meðallag, en líklegt er, að fljótfærni og kvíði hafi aðeins lækkað einkunn

hans. Vitsmunafroski hans er nægilegur til þess, að hann geti axlað ábyrgð og aðlagað sig í samfélaginu. Útkoma Karls bendir hvorki til geðveiki né taugaveiklunar, en í persónugerð koma fram spennusækni og hvatvísi ásamt tilhneigingu til viðkvæmni, óákveðni og áhyggjusemi. Mótlætisþol er skert og kvíði nokkur. Vísbendingar eru um erfiðleika í tilfinningalegum samskiptum, og hætt er við hlédrægni og einmanaleika hjá honum. Inni-byrgð reiði er til staðar, sem hann hefur ekki kunnað að höndla, og sjálfs-efasemdir eru, eftir að hafa þolað kynferðislegt ofbeldi í æsku.

Niðurstöður benda til þess, að Karl sé kynferðislega hneigður til fullvax-inna kvenna fremur en barna. Brot hans tengist ytri aðstæðum sennilega meir en innri hneigð. Hann hefur átt í mikilli tilfinningatogstreitu og hugar-angri, frá því að hann var misnotaður af S. N., og fyrir vikið er hann við- kvæmari fyrir streituálagi en annars. Aukið streituálag og gremja út í meinta ósanngírni annarra stuðlaði að órókréttri hugsun og skertri dóm- greind á tíma brota hans. Í ljósi þess, að brot Karls virðist aðstæðubundið, eru horfur þess, að hann geti bætt hegðun sína, betri heldur en ef brot hans byggðist á kynhneigð. Rannsóknir undanfarinna ára gefa vonir um, að sér- hönnuð sálfræðimeðferð, eftir atvikum samvinnuð við skilorðseftirlit og/ eða fangelsun, hjálpi mönnum í stöðu Karls til þess að tileinka sér samfé- lagslega viðurkennda kynhegðun“.

Dr. Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur kom fyrir dóminn 14. nóvem- ber sl. og staðfesti þá ofangreinda skýrslu sína.

Spurður um það, hverjar væru þekktar eða líklegar afleiðingar brota, eins og í ákæru greinir, á börn á því aldursskeiði, sem hér um ræðir, kvað Gunnar það mjög breytilegt. Afleiðingarnar gætu verið alvarlegar og einnig vægar. Það færi eftir ýmsu, svo sem hversu alvarlegt brotið væri, hversu oft hefði verið brotið á barni, hvernig brugðist hefði verið við í umhverfi barna og hvaða stuðning þau hefðu fengið, og „bakgrunnur“ barnanna skiptir einnig máli í þessu sambandi. Afleiðingar brota, eins og í ákæru greinir, á börn á þessum aldri geti komið fram síðar á lífsleiðinni, en ekkert sé hægt að segja um það með vissu.

Einar Ingi Magnússon sálfræðingur kom fyrir dóminn 14. nóvember sl. og staðfesti skýrslu sína, sem hann skrifaði eftir samtöl við stúlkurnar, sem getið er um í ákærulið I, svo sem rakið var. Einar Ingi kvað oft koma fram hræðslueinkenni hjá börnum, sem verða fyrir lífsreynslu eins og þeirri, sem lýst er í ákæru, börn lokist og vilji ekki segja frá, og þessi einkenni hafi komið fram hjá a. m. k. annarri stúlkunna, sem hann ræddi við. Þá greindi Einar Ingi frá því, að kvíði og vantraust gæti komið fram síðar á lífsleið barna, sem verða fyrir slíkri lífsreynslu sex ára gömul. Þessi einkenni komi mjög oft við sögu, en þetta sé persónubundið.

Ekki verður nú með neinni vissu fullyrt, hvaða einkenni í fari barnanna, er mæðurnar lýstu, verða beint rakin til háttsemi ákærða, þótt samband kunnri að vera þar á milli, en ekki hefur umfram það, sem rakið var, verið leitað aðstoðar sálfræðinga eða lækna. Þá er, svo sem rakið hefur verið, ekki loku fyrir það skotið, að afleiðingar háttsemi ákærða gagnvart börnunum geti komið fram síðar á lífsleið þeirra, þótt ekki verði með vissu um það fullyrt. Brot ákærða beindust því að sálarheill barnanna, og eru þau gæði mikilsverð, sbr. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega.

Refsing ákærða er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í níu mánuði. Ákærði gekkst á árinu 1988 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot, en hefur ekki sætt öðrum refsingum, svo að kunnugt sé. Með vísan til þessa og með vísan til þess, sem rakið hefur verið að ofan, og með vísan til þess, sem segir hér á eftir um sérstakt skilorð ákærða, þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í fimm ár frá uppsögu dómsins að telja, og skal refsingin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, en það er álit dómsins, að eins og á stendur í máli þessu, sé skilorðsbinding refsivistar, þar sem ákærða er auk hins almenna skilorðs einnig gert að sæta sérstöku skilorði, sem síðar verður vikið að, líklegri til þess að bera árangur og koma í veg fyrir frekari brot en óskilorðsbundin refsivist. Skilorðsbinding að hluta þykir til þess fallin að draga úr líkum á árangri, sem bundin er við hið sérstaka skilorð.

Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings kemur fram, við hvers konar aðstæður ákærði framdi brot sín. Þá kemur jafnframt fram, hvernig lífsreynsla ákærða sem fórnarlamb kynferðisafbrotis hefur þar áhrif.

Ákærði hefur nú notið aðstoðar í því skyni að kenna honum að temja sér hugsunarhátt og hegðun, sem dragi úr líkum á því, að brot endurtaki sig. Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns segir, að því fari fjarri, að ákærði hafi fengið viðeigandi stuðning eftir þá reynslu, sem hann varð fyrir á sínum tíma, og er þá átt við kynferðisafbrotið.

Fyrir dóminum greindi dr. Gunnar Hrafn frá því, að verulega hefði dregið úr líkum á því, að brot þau, sem hér er ákært út af, hefðu átt sér stað, hefði ákærði á sínum tíma fengið viðeigandi aðstoð. Sálfræðingurinn greindi jafnframt frá því, fyrir hvers konar afbroti ákærði varð, er hann var 14 ára gamall, og útskýrði hinar alvarlegu afleiðingar, sem það hefur haft á ákærða.

Í skýrslu sálfræðingsins segir, að ákærði sé ekki „pedophile“. Rannsóknir hafi sýnt, að til séu aðferðir, sem skili árangri í því að draga úr endurteknum brotum sambærilegs hóps kynferðisafbrotamanna. Vegna þess að ákærði er ekki „pedophile“, heldur hneigður kynferðislega til fullvaxta kvenna, séu horfur á að ætla, að ákærði tileinki sér samfélagslega viðeigandi hegðun á þessu sviði, meiri en ef kynhneigð hans beindist að börnum.

Svo sem rakið hefur verið, hefur það haft áhrif á gerðir ákærða, að hann varð sjálfur fyrir kynferðisbroti í æsku. Fyrir liggur í máli þessu, að til eru aðferðir til þess fallnar að draga verulega úr líkum á því, að brot endurtaki sig, og að ákærði hafi nú hlotið lágmarksstuðning. Ekki er af þeirri meðferð, sem ákærði hefur þegar hlotið, unnt að fortaka endurtekningu brota, en ákærði hefur að mati dr. Gunnars Hrafns lagt sig fram um að temja sér hugsunarhátt til að takmarka hættu á ítrekuðum brotum, en í skýrslu dr. Gunnars Hrafns kemur fram, að ákærði óttist endurtekningu brota.

Í 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995, segir, að frestun ákvörðunar um refsingu eða fullnustu refsingar skuli vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstíma. Þá segir, að frestun megi einnig binda skilyrðum, sem talin eru upp í laga-greininni, þ. á m. er 1. tl., sem segir, að frest megi binda því skilyrði, að aðili sæti á skilorðstíma umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar.

Í greinargerð með 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, segir, að starf umsjónarmanns eigi ekki að vera fólgið í því einu að kynna sér hegðun aðila til að ganga úr skugga um, hvort hann fullnægi settum skilyrðum. Umsjónarmaður eigi að hafa persónulegt samband við aðila, svo sem föng eru á, leiðbeina honum og veita honum ráðleggingar í vandamálum hans, aðstoða hann um öflun samastaðar, atvinnu, menntunar o. s. frv. og yfirleitt að halda honum að siðlegum lifnaðarháttum.

Mikilsverðir hagsmunir eru í húfi varðandi það að koma í veg fyrir, að brot eins og í ákæru greinir komi fyrir. Í því skyni að hindra brot ber að beita öllum tiltækum úrræðum, sem kunna að vera til þess fallin að takmarka hættu á brotum og/eða koma í veg fyrir ítrekuð brot.

Fyrir liggur, að ákærði hefur einungis hlotið lágmarksaðstoð, svo sem rakið var. Þá hefur komið fram, að til eru aðferðir til þess fallnar að draga úr líkum á ítrekun brota sambærilegum þeim, sem í ákæru greinir, hjá einstaklingum með líkan bakgrunn og kringumstæður og ákærði. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sem rakin var, gerir ráð fyrir því, að frestun fullnustu refsingar megi binda því sérstaka skilyrði, að ákærður maður sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna. Svo sem rakið var, er ekki

unnt að fortaka, að brot endurtaki sig, en þær sérstöku aðstæður eru í máli þessu, að hættan á endurtekningu brota hjá ákærða hefur verið rannsökuð sérstaklega og ákærði sjálfur sagt sig óttast endurtekningu. Hins vegar eru, svo sem rakið hefur verið, til leiðir, sem eru til þess fallnar að draga úr hættunni á ítrekun brota.

Með þetta í huga og það, að beita ber öllum tiltækum úrræðum til að reyna að koma í veg fyrir, að brot endurtaki sig, og jafnframt með vísan til þess, sem rakið hefur verið um ævi og hagi ákærða, þykir rétt að binda frestun fullnustu refsivistar hans því sérstaka skilyrði 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, að hann sæti þrjú fyrstu ár skilorðstímans umsjón einstakra manna og þá í því skyni, að umsjónarmaðurinn eða umsjónarmennirnir leiðbeini honum og veiti honum ráðleggingar í vandamálum hans, eins og segir efnislega í greinargerðinni með 1. tl. 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sem rakin var að framan. Tvö síðustu ár skilorðstímans á því einungis við hið almenna skilorð 57. gr. almennu hegningarlaganna.

Lög standa ekki til þess, að dómurinn tilnefni umsjónarmann, heldur skal saksóknari gera það, sbr. 1. mgr. 58. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um bótakröfuna, sem tekin er upp í ákæru, hefur ákærði viðurkennt bótaskyldu sína, en telur kröfuna þó of háa.

Ákærði er dæmdur til þess að greiða X f. h. dóttur sinnar, A, 200.000 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 5. maí 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, og 80.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Ragnheiður Harðardóttir, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Jóhannes Mortensen, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 5 ár frá uppsögu dómsins að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá er frestun á fullnustu refsivistarinnar jafnframt bundin því skilyrði, að ákærði sæti fyrstu þrjú ár skilorðstímans umsjón einstakra manna, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði X, kt. 111059-3739, fyrir hönd dóttur sinnar, A,

200.000 kr. auk dráttarvaxta frá 5. maí 1994 að telja og til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, og 80.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

---